

1 Almennar upplýsingar

1.1 Staðhættir

Skipulagssvæðið er innan frístundabyggðar A og opins svæðis til sérstakra nota í Landi Dagverðarness, skv. samþykktu Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022. Skipulagssvæðið er 6,4 ha að stærð sem hallar til suðurs í átt að Skorradalsvatni. Innan frístundabyggðarinnar er landið vaxið birkirkjari og gróðursettum skógi á opnu svæði. Í norðri afmarkast svæðið af Skorradalsvegi (508), í austri af Stöðulgíli, í suðri af frístundalóðunum Dagverðarness 56 og 57 og í vestri af gömlum vegslóða. Svæðið skiptist í fjórar frístundalóðir, Dagverðarness 62, 63, 64 og 65.

1.2 Markmið og forsendur skipulagsins

Skipulaginu er ætlað að skapa skýran ramma utan um heildstæða frístundabyggð og stuðla að því að byggð falli sem allra best að umhverfinu. Landeigendur vilja halda áfram uppbyggingu sem staðið hefur yfir í áratugi og nýta þannig þá auðind sem landið er í sjálfum sér.

1.3 Aðrar skipulagsáætlanir

Í gildi er Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022. Deiliskipulag þetta er í samræmi við aðalskipulag. Þegar hafa verið samþykktar deiliskipulagsáætlanir fyrir svæðin vestan, sunnan og austan þessa reits og taka skilmálar þessa skipulags mið af skilmálum aðliggjandi svæða.

1.4 Minjar

Aðalskráning forminja í Skorradal var gerð árið 2017. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar forminjar á deiliskipulagssvæðinu en vert er að benda á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

1.5 Vernd

Birkiskógar og -kjarr

Samkvæmt skóglendisvefsjá Lands og skóga er varðar Náttúrulegt birki á Íslandi er skilgreindur birkiskógur norðanvert á skipulagssvæðinu þ.e. fyrir ofan skógræktarsvæðið. Um er að ræða ungan skóg sem er yngri en 15 ára, núverandi hæð birkiskógsins er um 1,3-2 metrar og með um 20% krónuþekju. Birkiskógurinn á skipulagssvæðinu fellur undir skilgreiningu um náttúruskóg. Náttúruskógur er skilgreindur sem land sem er að lágmarki 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfstærir lendlendur trjátegundir, þ.e. ilmþjörk, reynivíður, blæðsp, gulvíðir eða loðvíðir eru ríkjandi og ná að lágmarki tveggja metra hæð fullvaxnar með að lágmarki 10% krónuþekju sbr. Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra, fyrirhugaðar framkvæmdir stuðla ekki að eyðingu náttúruskóga. Birkiskógar falla undir sérstaka vernd ef þeir teljast sérstæðir eða vistræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra, þar sem er m.a. gömul tré. Birkiskógurinn á svæðinu fellur ekki að þessari skilgreiningu og nýtur því ekki sérstakrar verndar sbr. b. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Birkiskógurinn á svæðinu er talin vera yngri en 15 ára skv. kortgrunni frá Skógræktinni og er þar með talinn ungur og ekki vistræðilega mikilvægur í heildarsamhenginu. Lögð er áhersla á að á framkvæmdatíma verði birkirkjari raskað sem minnst og að mótvægisáðgerðum verði beitt, með því að gróðursetja birki annarsstaðar á frístundalóðunum sbr. 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Einnig verður óheimilt að gróðursetja plöntur sem eiga ekki uppruna sinn í íslensku plöntufloornni innan skipulagssvæðis.

Vistgerðir

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun, Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi eru þrjár vistgerðir sem eru með verndargildi á svæðinu. Þær eru grasengjavist og kjarrskógavist en þær hafa hátt verndargildi og starungsmýravist sem hefur mjög hátt verndargildi og eru þær allar á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í grasengjavist getur verið meðalríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og lóupræll, spói, hrossagaukur, þúftlitlingur, stelkur og grágæs nýti slíka vistgerð til varps. Lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Í kjarrskógavist getur verið ríkulegt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og lóupræll, spói, þúftlitlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur. Vistgerðakortill Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi er unnið í mælikvarðanum 1:25.000 og er því ekki nákvæmt fyrir t.d. deiliskipulagsáætlun en er þó haft til hliðsjónar.

2 Skipulagsskilmálar

2.1 Samgöngur

Aðkoma að lóð 64 og 65 er af Skorradalsvegi (508), sem flokkast sem tengivegur hjá Vegagerðinni en umferðarhæð er 50-60 km á klist á þessum kafla. Aðkoma að lóðum 62, 63 og 64 er um aðkomuveg að frístundasvæðum 1, 2, 5 og 6. Möguleiki er á veltengingu í báðar áttir á lóð 64. Veghelgunarsvæði Skorradalsvegur (508) er 15 m frá miðlinu vegar til beggja hliða sbr. 32. gr. vegalaga (80/2007). Framkvæmdir innan þess svæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar. Skipulagssvæðið nær að veghelgunarsvæði hans. Vegir innan skipulagssvæðis skulu vera a.m.k. 4,5 metra breiðir með snúningsplani við enda götu og þola 20 tonna óxulþunga allt árið um kring. Veghelgunarsvæði þeirra er a.m.k. 3,25 m frá miðlinu vegar. Heimilt er að leggja veitumannvirki í veg og innan þess. Bílastæði skulu vera innan lóða og skal útfærsla þeirra sýnd á byggingarleyfistekningu. Snúningsplan skal vera við enda botnlanga. Óska þarf eftir undanþágu hjá Innviðaráðherra frá ákvæði d. líðar gr. 5.3.2.5. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er varðar fjarlægð bygginga frá tengivegi. Þar sem umræddur vegur er utan þéttbýlis skal fjarlægð að byggingum vera sbr. ofangreindri grein skipulagsreglugerðar 100 m. Óskað verður eftir að fjarlægð frá vegi að byggingum verði 50 m í stað 100 m. Helstu rök fyrir þeirri undanþágu er að slík undanþága hefur nú þegar verið veitt á aðliggjandi svæði og því í samræmi við það sem fyrir er á svæðinu.

Skýringar

	Skipulagsmörk		100 m frá tengivegi
	Lóðarmörk		Kvóð vegna vatnsveitu
	Byggingarreitur		Göngustígur
	Opíð svæði til útivistar		Mænisstefna
	Opíð svæði til skógræktar		Bílastæði
	Vegur		Lækur
	50 m frá tengivegi		Hnitpunktur

2.2 Opín svæði til útivistar og skógræktar

Gert er ráð fyrir opnu svæði til útivistar vestan við lóðir 62 og 64 og meðfram Stöðulgíli. Einnig er opíð svæði til skógræktar innan allra lóðanna sbr. Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022.

Opna svæðið til skógræktar er svæði þar sem gróðursettar voru skógarplöntur upp úr aldamótum. Þar voru gróðursettar plöntur eins og greni, fura og birkitré. Heimilt er að grísa umrátt bætti þannig að skógarbellinu sé viðhaldi á eðlilegan hátt. Grísjun skal gerð í samráði við skógarvörð Lands og skóga og óheimilt er að fella tré á þessu svæði án samráðs við hann.

2.3 Jarðrask og gróður

Öllu jarðraski skal haldið í lágmarki við gerð vega, göngustiga og byggingu frístundahúsa. Gaeta skal að allri umgengni um landið. Grísjun birkis má einungis eiga sér stað á tímabilinu seinni part ágúst til loka febrúar, þar sem birki er blæðar. Ef staðl er rétt að grísjun mun skógurinn endurnýja sig á eðlilegan hátt. Grísjun ber að framkvæma undir handleiðslu fagmanns. Hægt er að finna leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða inn á www.namur.is, þar eru upplýsingar um geymslu á svarlagi úr húsrúnum og vegstæði til að leggja aftur yfir. Með slíkum frágangi er hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið og eru slík vinnubrögð mjög mikilvæg þegar um er að ræða vistgerðir með hátt verndargildi.

2.4 Veitur og sorp

Neysl vatn

Lóðarhafa er heimilt að gróðursetja á lóð sinni. Stærri trjám skal velja stað þannig að þau varpi ekki skugga á hús/pali náganna eða hindri útsýni þaðan. Óheimilt er að gróðursetja plöntur sem eiga ekki uppruna sinn í íslensku plöntufloornni á skipulagssvæðinu, plöntur sem hægt er að gróðursetja á skipulagssvæðinu eru t.d. birki, ilmreyrnir, gulvíðir, grávíðir, loðvíðir og íslenskur einir. Óheimilt er að gríða af einstakur lóðir, en afmarka má lóðir með hællum.

Rafmagn

Rafmagn kemur frá dreifikerfi Rarik.

Fráveita skal lögð í fráveitukerfi, lóðarhafar geta sameinast um fráveitukerfi, séu öll skilyrði uppfyllt. Aðkoma hreinsibíla að fráveitukerfi skal vera aðgengileg. Fráveitukerfi skal vera innan byggingarreits en siturlögn skal ekki fara nærri lóðarmörkun en 10 m og sýnd á byggingarleyfistekningu, gerð og staðsetning fráveitukerfis innan byggingarreits er háð samþykki Heilbrigðisfélis Vesturlands. Óheimilt er að losa hættuleg efni og/eða hættulegan úrgang á svæðinu. Gangi skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.

Slökkvistarf

Vatn til slökkvistarfa er sótt í Skorradalsvatn.

Sorp, losun og förgun skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

2.5 Kváðir

Kváð er á lagnaleið vatnsveitu á lóðum 62 og 64 og á opnu svæði til útivistar vestan við lóðirnar. Ekki má raska jarðvegi eða gróðursetja nær lógn en 2 metrum. Aðkomuvegur fer í gegnum lóðir nr. 62 og 64 og snúningsplan er á lóðarmörkun. Kvóð um aðgengi og umferð fyrir lóðir 63 og 65 er á lóðum 62 og 64. Óheimilt er að hindra umferð að lóðunum 63 og 65 og skal leiðin ávallt vera greið.

3 Byggingarskilmálar

Framkvæmdaraðili sækir um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa sveitafélagsins.

3.1 Byggingarreitur

Á hverri lóð er skilgreindur byggingarreitur. Lágmarksfjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkun er tíu metrar, sbr. gr. 5.3.2.12 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Á hverjum byggingarreit er heimilt að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús. Allir hlutar bygginga, þ.m.t. pallar, girðingar og þök, skulu vera innan byggingarreits. Samanlagt byggingarmagn má ekki fara fram úr þeim heimildum sem gefnar eru í skilmálum þessum.

3.2 Byggingar


Heimilt er að reisa hús á einni hæð með kjallara. Byggingarmagn er að hámarki 300 m² á hverri lóð. Byggingarnefni er frjálst. Salarhæð er að hámarki 7 metrar, mælt frá botnflæti að úfleti þaks. Þakgerð er frjálst. Þakhalli skal vera á bilinu 5-40°. Mænisstefna er sýnd á uppdraði og skal vera eins og hægt er samhliða fjöruborði Skorradalsvatns. Mænisstefna má vera 90 gráður á uppgefna stefnu. Litaval skal miða að því að hús falli sem best inn í umhverfið og skal þaklitur vera dókkur. Aukahús mega þjóna sem geymsla, svefnhúsi, gufubað og/eða garðhús. Bískýli eru ekki leyfileg. Aukahús skulu vera nærri frístundahúsi og tengjast því með palli, skjólvegg og/eða burðarbita, sé þess kostur. Heimilt er að byggja tvö aukahús á lóð. Hámarksstærð aukahúss er 35 m² og telur það með í byggingarmagni lóðar. Lýsing skal miða að því að lýsa útveggi og verandir. Ljósjafi skal lýsa á gangflöt en að öðru leyti skal hann vera hullinn. Útlýsing skal ekki valda óþarfa ljósmengun. Öryggishlið heimilt er að setja upp öryggishlið

4 Umhverfisáhrif

Skipulagssvæðið er umkringt eldri frístundabyggð og mun þessi viðbót falla vel að þeirri byggð sem fyrir er en ekki vera lýti í landinu. Þar sem skipulagssvæðið er tiltölulega óraskað og með vistgerðir með hátt verndargildi, skal rask á svæðinu vera í lágmarki og á framkvæmdatíma, við lagningu vega, lagna og fráveitumannvirka. Við uppræðslu skal nota staðargróður eins og kostur er t.d. með því að geyma svarlag úr húsrúnum og vegstæði til að leggja aftur yfir. Með slíkum frágangi er hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið og eru slík vinnubrögð mjög mikilvæg þegar um er að ræða vistgerðir með hátt verndargildi. Hægt er að finna leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða inn á www.namur.is. Áhrif á umhverfi verða lítil og staðbundin þar sem um er að ræða einungis fjórar lóðir. Samfélagsleg og hagræn áhrif verða jákvæð, þar sem uppbygging mun leiða af sér að fólk staldri við í sveitarfélaginu.

5 Kynning og samráð

Gera má ráð fyrir að deiliskipulag frístundabyggðar, svæði 8, í landi Dagverðarness verði samþykkt til auglýsingar í skipulags- og byggingarnefnd í apríl 2026 og í hreppsnefnd í framhaldinu. Tillagan er þá auglýst og send lögbundnum umsagnaraðilum sem eru Heilbrigðisfélis Vesturlands (HeV), Land og skógar, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun, Slökkvilið Borgarbyggðar og Vegagerðin. Að auglýsingartíma liðnum er tillagan tekin fyrir í hreppsnefnd til samþykktar og reikna má með að það verði júní 2026. Óska þarf eftir undanþágu hjá Innviðaráðherra frá ákvæði d. líðar gr. 5.3.2.5. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er varðar fjarlægð bygginga frá tengivegi þegar samþykkt tillaga liggur fyrir. Þegar ráðherra hefur veitt undanþágu skal senda tillöguna til yfirferðar hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS). Hafi HMS ekki gert athugasemdir innan þriggja vikna er tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda sbr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þá deiliskipulagið gildi. Reikna má með að það verði í nóvember 2026.



6 Lög og reglugerðir

Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög (123/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um náttúruvernd (60/2013), vegalög (80/2007), lög um hollustuhætti og mengunarvarmir (7/1998), lög um menningarmínjar (80/2012), lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús (75/2008), skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012) og reglugerð um fráveitur og skólp (798/1999).

AUGLÝSING OG SAMPYKKT

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ 2026 þar samþykkt í hreppsnefnd Skorradalshrepps þann _____ 2026.

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2026.

Hnitaskrá -Jnet93			Vegur			Lóðir		
Hnit	X	Y	Hnit	X	Y	Hnit	X	Y
1	380607.61	449375.54	16	380670.14	449466.05	50	380720.77	449542.74
2	380611.30	449376.90	17	380680.21	449471.06	51	380819.84	449496.94
3	380616.78	449380.14	18	380688.81	449473.48	52	380751.50	449378.41
4	380620.80	449385.09	19	380699.40	449476.45	53	380738.81	449387.28
5	380624.84	449392.43	20	380691.78	449462.88	54	380661.76	449441.15
6	380645.58	449410.47	21	380814.63	449469.64	55	380886.77	449463.19
7	380652.03	449412.34	22	380804.16	449482.74	56	380886.34	449377.09
8	380684.79	449404.41	23	380817.78	449476.44	57	380833.20	449321.30
9	380736.50	449363.23	24	380811.48	449462.83	58	380803.82	449290.46
10	380728.56	449353.25	25	380797.87	449469.12	59	380753.30	449223.20
11	380716.83	449362.60	26	380762.11	449493.92	60	380695.90	449247.50
12	380644.28	449413.86	27	380759.60	449506.81	61	380675.90	449255.99
13	380643.17	449421.89	28	380748.97	449524.76	62	380697.46	449314.87
14	380645.68	449429.59	29	380755.18	449524.79	63	380654.70	449265.00
15	380662.63	449457.68				64	380606.20	449274.10

DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR, SVÆÐI 8, LÓÐIR NR. 62-65
DAGVERÐARNESS Í SKORRADALSHREPPI



Mælikvarði	Dagsetning	Verkheiti	Skráarheiti	Uppdráttur
1:2000 (A2)	08.04.2026	d1332-Dagverðarness	d1332-Dagverðarness.dgn	MLÖ
1:10000				

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskeldsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA